



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Starfsáætlun

2021 – 2022



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag

Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	2
2	Innra- og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021	3
3	Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022.....	6
4	Innra mat deilda: Hlíð	6
5	Innra mat deilda: Kot.....	11
6	Innra mat deilda: Sel.....	15
7	Innra mat deilda: Höll	20
8	Innra mat deilda: Ból	24
9	Mat elstu barna leikskólans.....	31
10	Verkefni nema í Jöklaborg	32
11	Innra mat sérkennslu.....	33
12	Innra mat – fjöltyngd börn	34
13	Umbótaáætlun Jöklaborgar.....	35
14	Starfspróunarsamtöl og fræðsla.....	35
15	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	37
16	Foreldrasamvinna.....	37
17	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	40
18	Fylgigögn.....	40



Leiðarljós Jöklaborgar

Gleði – virðing - sköpun

1 Greinargerð leikskólastjóra

Segja má að skólaárið hafi verið viðburðarríkt, krefjandi en einnig lærdómsríkt að mörgu leiti. Stytting vinnuvikunnar er stórt framfaraskref finnst mörgum. Það var talsverð vinna sem fylgdi þessari breytingu. Eftir miklar vangaveltur ákvað starfsmannahópurinn að fara í fulla styttingu þ.e. 36 klukkustunda vinnuviku. Það eru ekki allir sammála um ágæti þess að starfsfólki fækki á miðjum degi. Það er álit margra að starfið í leikskólunum breytist mikið í kjölfar styttingar vinnuvikunnar. Það þarf að meta og þróa styttingu vinnuvikunnar tíma fyrir tíma.

Covid hélt áfram að hafa áhrif á starfið í leikskólanum. Starfsmenn unnu í takt við ráðleggingar frá Skóla- og frístundasviði og gerðu það vel, þeir hafa verið mjög meðvitaðir og passað mjög vel uppá smitvarnir. Ótrúlega yndislegt var að sjá hvað börnin voru dugleg að fara eftir reglunum um að þvo hendur sínar og kveðja foreldra í dyragættinni. Margir þættir sem áður voru fastir liður í okkar starfi féllu niður vegna Covid. Sem dæmi þá héldum við uppá þjóðhátíðina 16. júní eins og áður en án foreldra og að þessu sinni var hvorki skruðganga né lúðrasveit. Ýmislegt skemmtilegt var þó gert í garðinum, það var flaggað og garðurinn skreyttur með veifum og listaverkum barnanna, farið í ýmsa leiki og svo voru grillaðar pylsur. Til okkar komu þrír strákar með hjólasýningu sem nefna sig BMX Brós. Vöktu þeir mikla lukku barnanna.

Það er alltaf gleðilegt þegar innanhúslagfæringar eru gerðar og þær lukkast vel. Miklar breytingar höfðu orðið innanhúss þegar starfsfólk kom úr sumarfríi 2020. Þá var Höll komin í það rými sem Ból var í áður og kaffistofa starfsfólks og Undirbúningsherbergi þar sem Höll var áður. Ból færðist svo yfir í nýju húsin. Þetta breytti miklu fyrir starfsfólk leikskólans og var almenn ánægja með þessa breytingu. Í maí 2021 var svo settur nýr gólfdukur á gólfíð í Salnum og í Listasmiðju og einnig var settur hiti í gólfíð þar. Þetta var mjög kærkomið og til þess gert að öllum líði vel.

Menntastefnumót var haldið 10. maí 2021. Mikið var í það lagt og var það ótrúlega yfirgripsmikið. Þeir sem unnu að því að gera þetta stóra verkefni mögulegt eiga sannarlega hrós skilið. Vel gert. Við tókum þátt í Menntastefnumótinu sem Skóla- og frístundasvið sá um. Við vorum með myndband þar sem börn voru í leik og starfi og var þá horft til félagsfærni barna því það er okkar áhersla í þróunarverkefninu okkar. Við munum halda áfram að vinna með verkefnið okkar „Látum draumana rætast“ þar sem við höldum áfram að efla frjálsan leik barna og gera hann gildishlaðnari með áherslu á samskipti barna og starfsmanna í leikumhverfinu þar sem samkennd, réttlætiskennd og



leiðtogaþæfni er efld. Við ætlum áfram að leggja áherslu á að virkja allt starfsfólk og styrkja sameiginlega sýn þess á góð og uppbyggileg samskipti. Þá munum við vinna með Barnasáttmálann í þessari vinnu.

2 Innra- og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Innra mat fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Á stjórnendafundum, deildarfundum og skipulagsdögum.

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Menntastefnan	Mat fór fram á fundi stjórnenda	Deildarstjórar ásamt stjórnendum	Ávinningur verkefnisins, börnin fundu til þess að þeim var treyst fyrir ákveðnum verkefnum, fengu meira frelsi til að efla félagsfærni og sjálfsmynd sína með því að reyna á eigin spýtur.
Stytting vinnuvikunnar	Stjórnendur hafa rætt styttinguna og kosti hennar og galla.	Starfsfólk sem var í nefnd sem ræddi styttinguna og stjórnendur deilda.	Skoða þarf styttinguna betur og sjá hvernig hún hefur áhrif á starfsmenn og starf leikskólans.

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Viðhorfskönnun starfsmanna	Rafræn könnun gerð í febrúar 2021	Starfsmenn tóku þátt í könnuninni.	Þættir starfsins sem skoruðu hæðst voru m.a. metnaður 4,19%, jafnrétti og jafnræði í starfi 4,15%, starfsöryggi 4,03%, sveigjanleiki í starfi 4,19% og tilgangur 4,22%. Þættir s.s. starfsánægja var 3.63% nú en 3,60 í fyrra, hæfir og áhugasamir starfsmenn 3,70%. Þessir þættir komu ekki vel út þ.e. að 19% starfsmanna hafa orðið fyrir áreitni frá samstarfsmanni. Þá kom fram að 19% starfsmanna telur sig hafa orðið fyrir einelti að hálfu samstarfsfólks og einnig hafi fordómar komið fram. Þetta er óásættanlegt og verður skoðað og unnið með á komandi skólaári.



Viðhorfskönnun foreldra	Rafræn könnun gerð í mars 2021. Svarhlutfall var 82,2 %, fjöldi svarenda 64	Foreldrar tóku þátt í könnuninni	Heildarmælitala var fyrir tveim árum 4,60 en er nú 3,92. Hæst er hægt að fá 5. Mikilvægir þættir starfsins skora hátt eftir sem áður eins og að barninu líði vel í leikskólanum 4,42% og foreldrar telja að barnið sé öruggt í leikskólanum 4,25 Aðbúnaður barna í leikskólanum sé góður 4%, barnið eigi góða félaga og aðlagist vel í barnahópnum 4.49%. Gott viðmót og samskipti við starfsfólk 4,14%.
--------------------------------	---	----------------------------------	--

Starfsmannakönnun var gerð í febrúar 2021 á vegum Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Alls tóku 21 starfsmaður þátt í könnuninni. Þættir starfsins sem skoruðu hæðst voru m.a. metnaður 4,19%, jafnrétti og jafnræði í starfi 4,15%, starfsöryggi 4,03%, sveigjanleiki í starfi 4,19% og tilgangur 4,22%. Þættir s.s. starfsánægja var 3.63% nú en 3,60 í fyrra, hæfir og áhugasamir starfsmenn 3,70%. Þessir þættir komu ekki vel út þ.e. að 19% starfsmanna hafa orðið fyrir áreitni frá samstarfsmanni. Þá kom fram að 19% starfsmanna telur sig hafa orðið fyrir einelti að hálfu samstarfsfólks og einnig hafi fordómar komið fram. Þetta er óásættanlegt og verður skoðað og unnið með á skólaárinu.

Viðhorfskönnun foreldra var gerð í mars 2021. Svarhlutfall var 82,2 %, fjöldi svara 64. Niðurstöður könnunarinnar sýnir að viðhorf foreldra til leikskólans hefur hrakað nokkuð frá síðasta ári sem er miður. Heildarmælitala var fyrir tveim árum 4,60 en er nú 3,92. Hæst er hægt að fá 5. Mikilvægir þættir starfsins skora hátt eftir sem áður eins og að barninu líði vel í leikskólanum 4,42% og foreldrar telja að barnið sé öruggt í leikskólanum 4,25%. Aðbúnaður barna í leikskólanum sé góður 4%, barnið eigi góða félaga og aðlagist vel í barnahópnum 4.49%. Barnið eigi góða félaga 4.49%, Gott viðmót og samskipti við starfsfólk 4,14%. Foreldrar hafa komið með athugasemd um að lítið upplýsingaflæði hafi verið hjá okkur sem kallar á að við skoðum það og lagfærum.

3 Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Samstarf	Útrýma einelti og áreitni	Fá fræðslu mannauðs- stjóra og setja fram leiðir varðandi einelti og áreitni. Umkvart- anir verði strax teknar til úrvinnslu	Stjórnendur	Ágúst 2021	Ágúst 2022	Starfsmanna- könnun 2022	Að ekki mælist einelti né áreitni
Foreldrasamstarf	Meira upplýsinga- flæði til foreldra	Vikulega sendur póstur til foreldra	Deildar- stjórar	Sept. 2021	Sept. 2022	Vor 2022	Að við náum að standa við áætlunina

4 Innra mat deilda: Hlíð

Markmið með umbótum vetrarins 2020-2021 var að stuðla að jákvæðum samskiptum barnanna með því að hjálpa þeim með samskipti í leik og styðja virka þátttöku barna í leik, sem og skapa þeim umhverfi þar sem þau eru örugg og fá örvun við hæfi.

Yngstu börnin sýna umhverfi sínu mikinn áhuga og hafa mikinn skilning á því. Börnin nýta sér bæði yrta og óyrta tjáningu í samskiptum sínum: babla, tala, gráta, öskra, og allar líkamlegar hreyfingar. Til að skilja þau og kynnast þeim betur nýtti starfsfólkið sér virka hlustun og að vera ávallt til staðar. Einnig áttum við góð samskipti við foreldra sem gátu fyllt upp í eyðurnar. Starfsfólk gaf skýr fyrirmæli sem snerust um að segja börnunum hvað við vildum að þau gerðu („komdu niður úr glugganum“) en ekki með ekki-skilaboðum („ekki klifra“). Þessum fyrirmælum er komið til skila beint til barnsins og með ró og virðingu.

Við byggðum upp góð tengsl á milli starfsfólks og barnanna í gegnum leik og daglegar athafnir. Starfsmenn gættu þess að gefa hverju barni athygli daglega til að byggja upp betri samskiptatengsl á milli hvers barns og allra starfsmanna. Þannig myndaðist traust og öryggi barnanna til alls starfsfólks, sem gaf barninu aukin tækifæri til tjáningar og stuðnings.

Góð samskipti eru grunnatriði í farsælu starfi með börnum og því munum við vinna með þessi viðmið áfram á næsta starfsári.

Matartími: Börnin velja sér sæti sjálf. Sum fá valkvíða og starfsfólk hjálpar þeim þá að finna laust sæti, á meðan önnur verða óánægð þegar þau fá ekki sitt sæti. Börnin eiga sitt upphalds sæti eða upphalds sessunaut en eru flest dugleg að fara á milli borða. Þau eru hér að fá tækifæri til að tjá sínar skoðanir og langanir.

Umbætur: Við viljum að starfsfólk sé færanlegt og sitji ekki alltaf við sama matarborðið svo það kynnist öllum börnunum betur og þeirra þörfum. Einnig viljum við hvetja börnin í að prófa ný sæti.

Frjáls leikur: Barnahópurinn á deildinni var blandaður. Helmingurinn var gamli hópurinn frá vetrinum áður, voru þau flest um 6-12 mánuðum eldri en hópurinn sem byrjaði á deildinni um haustið. Fyrir jól einkenndist leikur barnanna á deildinni mestmegnis af einleik og samhliða leik hjá yngri börnunum og samhliða og félagslegum leik hjá eldri börnunum. Eftir jól sáu við meiri félagslegan leik hjá öllum börnunum eftir því sem tengsl þeirra styrktust og samskipti jukust.

Umbætur: Áframhaldandi virk þátttaka og hlustun starfsmanna til að styðja börn í leik og kynnast þeim betur. Skipuleggja örvandi umhverfi.

Hreyfistundir: Hreyfistundir voru eingöngu inni á deild og í útiveru fram í febrúar 2021 vegna hólfaskiptinga vegna Covid19. Fyrri ár höfum við haft vikulega hreyfistund í Sal leikskólans ásamt hreyfistundum inni á deild. Í hreyfistundum fá börnin að leika sér í stóru púðunum, klifra og hoppa, eða við dónsum við tónlist. Í útiveru hvetjum við börnin til að hlaupa og klifra ásamt því að leika við önnur börn. Í Salnum eru stórar dýnur sem má hoppa á, rimlar til að klifra upp og niður ásamt kössum sem hægt er að raða upp og skapa þrautabraut.

Umbætur: Hreyfistundir eru mikið upphald og kappkostum við að halda þeim við. Börnunum finnst sérstaklega spennandi að komast í Salinn því þar eru stórar dýnur sem má hoppa á, rimlar til að klifra upp og niður ásamt kössum sem hægt er að raða upp og skapa þrautabraut.

Hvíld: Börn komu með sína eigin sæng eða teppi að heiman ásamt mjúkum bangsa sem veitti þeim öryggi og ró í hvíldinni. Það gengur yfirleitt vel að svæfa en barnahópurinn er misjafn og sum barnanna sofa lengi á meðan önnur sofna ekki. Við létum þarfir barnanna ráða för en einstaka foreldrar biðja um

að stytta svefn barna sinna. Þegar óskir foreldrar um að stytta svefn barna sinna koma upp eigum við samtál við foreldra um ástæðuna á bakvið þessa beiðni og í sameiningu, og samræmi við leiðbeiningar Landlæknis, komumst við að samkomulagi um hversu lengi barnið fær að sofa.

Umbætur: Það er mikilvægt að hægt sé að bjóða upp á öruggt útisvæði fyrir þau börn sem sofa í vagni. Útivist elstu barnanna ætti helst ekki að byrja fyrir kl 13:00 svo þau yngstu geti sofið í ró. Elstu börnin hlaupa og hjóla framhjá gluggum deildarinnar með miklum krafti og látum.

Útivera: Gengur sæmilega. Því miður sækjast elstu börnin mikið í leiksvæði yngstu barnanna sem veldur þeim yngstu óöryggi. Það er auðvelt að klifra yfir grindverkið (bláa timburgrindverkið) í kringum svæðið og það heldur eldri börnunum ekki úti. Einnig geta öll börnin auðveldlega opnað hliðið og/eða losað það sem getur valdið slyshættu.

Umbætur: Leiksvæði yngstu barnanna er ekki spennandi. Gaman væri að gera útisvæði yngstu barnanna meira spennandi t.d. með því að fá kastala í þeirra hæð til að geta boðið þeim upp á frekari tækifæri til að byggja upp styrk og grófhreyfingar.

Verkefnavinna: Gekk vel. Börnin voru mjög áhugasöm og spennt og vildu ekki hætta þegar þau voru á annað borð byrjuð. Sumum barnanna fannst frekar skrítið og ógeðslegt að fá málningu á puttana og fengu þá meiri tíma og/eða önnur verkefni á meðan. Öll verkefnavinna fór fram inni á deild vegna Covid takmarkana.

Umbætur: Nota betur Listasmiðjuna. Skipuleggja verkefni betur fram í tímann. Koma upp betra safni af efnivið inni á deild.

Samverustund: Samverustundir eru oft erfiðar í byrjun vetrar á meðan börnin eru að venjast fyrirkomulaginu. En eftir að þau lærðu lögin og sögurnar betur fóru þau að taka meiri þátt og setja fram óskir um hvaða lög eða sögur ætti að syngja/segja. Við vorum með textann af lögum á lítríkum spjöldum sem var búið að plasta, sem var sett í hrúgu á gólfið og börnin skiptust á að velja lag. Þetta var gert til að auðvelda starfsfólki sönginn (við þurftum ekki að leggja á minnið ÖLL lögin) og til að brjóta upp samverustundina. Einnig klöppum við atkvæðin í nöfnum barnanna og syngjum við Datt í kolakassann og settum inn nöfn barnanna við mikla kátínu þeirra. Ástæðan fyrir þessu lagavali er tvíþætt: við erum að kenna börnunum nöfn allra í hópnum; og hvert barn er stjarna hópsins þá stund sem tekur að syngja tvær línur. Þegar starfsfólk segir börnunum sögur styðjumst við við bækur eða leikum (notum hreyfingar, breytum röddinni og notum brúður) söguna ef við erum að segja hana eftir minni.

Umbætur: Gott væri að hafa fleiri spjöld með sönglögum, jafnvel fá börnin til að teikna myndir á bakhliðina eða hafa myndir sem tengjast textanum, og spjöld tengd vissum árstíma (vetur, sumar, vor

eða haust) eða árlegum viðburði (jól, Ösku-, Sprengi- og Bolludagur, 17. júní). Vert væri líka að safna í sögukassa sem hæfa þessum aldri betur en Sögugrunnur kassarnir gera.

Flæði: Ekkert flæði hefur verið í vetur. Annars vegar vegna sóttvarnarhólfunar vegna Covid og hins vegar vegna breytinga á skipulagi innan leikskólans. Flæði var alltaf áður með Höll sem var þá staðsett við hliðina á Hlíð en Höll er núna komin í hinn enda hússins og kaffistofa starfsfólks, eldhús og undirbúningsherbergi er á milli okkar og næstu deildar.

Umbætur: Hlíð og Höll ætla að prufukeyra nýtt fyrirkomulag þar sem hluti barnahópsins fer á milli deilda og eru þar í heimsókn. Þetta fyrirkomulag mun vera einu sinni í viku.

Aðlögun: Aðlögun gekk vel. Börnin frá vetrinum 2019-2020 voru enn á Hlíð þegar aðlögun hófst en þessi gömlu fóru í aðlögun á Höll með starfkrafti þá daga sem nýju börnin komu á Hlíð í aðlögun. Aðlögun fór fram útvið eins og hægt var vegna sóttvarnaraðgerða. Hver hópur af nýjum börnum var fámennur, 2-3 börn, og það liðu 2 vikur á milli þess að hópur byrjaði í aðlögun. S.s. nýju börnin fengu eina viku í aðlögun með foreldri og eina venjulega viku án foreldris en engar aðrar breytingar. Þetta fyrirkomulag gekk mjög vel og stuðlaði að því að börnin voru örugg og róleg í nýju umhverfi.

Umbætur: Við viljum halda áfram langri aðlögun, s.s. að barn byrji á mánudegi og að tvær vikur líði á milli þess að hópar byrji í aðlögun. Einnig viljum við að eldri börnin sem eiga að flytjast upp um deild séu farin af deildinni áður en þessi nýju byrja. Elstu börnunum leiðist þessi yngstu og það getur blossað upp mikil afbrýðissemi út í nýju börnin.

Kaffidagur: Það voru engir Kaffidagar eða opið hús fyrir foreldra í vetur vegna sóttvarna tengdum Covid.

Umbætur: Að okkar mati ættu Kaffidagar og/eða Opið hús að hefjast kl 15:00 svo börnin geti farið heim með foreldrum sínum í stað þess að börnin sitji eftir grátandi. Þessi yngstu eiga sérstaklega erfitt með að skilja eða ráða við svona breytingar á daglegu skipulagi.

Umbótaáætlun: Hlíð 2021-2022

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Virk hlustun	Að allt starfsfólk kynnist börnunum	Horfa á barnið og veita óýrtum skilaboðum	Deildarstjóri og annað	Allt árið		Daglegar athuganir og starfsfólk miðlar	Að allt starfsfólk þekki öll börnin og að



	og þekki þarfir þeirra, áhugamál og hvað þeim líkar eða ekki	athygli, gefa barninu tíma til að hugsa og svara, hvetja barnið til að tjá sig.	starfsfólk á deildinni		upplýsingum sín á milli.	samskipti byggist á jákvæðni, virðingu, samkennd og umhyggju.
Að vera til staðar	Að fylgja börnunum í daglegum athöfnum og vera með athyglina á börnunum	Aðferðin „Gefðu 10“, aðstoð. Inngrip og leiðsögn þegar á við.	Deildarstjóri og annað starfsfólk á deildinni	Allt árið	Daglegar athuganir, starfsfólk fylgir dagskipulagi. Ígrundað og rætt á deildarfundum.	Að skapa börnunum öruggan stað þar sem þau fá öll jöfn tækifæri til virkrar þátttöku í daglegum athöfnum deildarinnar.
Virk þátttaka starfsfólks og efling í starfi	Fagmennska í starfi, starfsfólk verður meðvitaðra um hlutverk sitt og eflist í að koma með hugmyndir	Dags- og vikuskipulag deildarinnar er kynnt fyrir öllu starfsfólki. Starfsfólk hvatt til þess að koma með hugmyndir að verkefnum sem henta þroska og hæfileikum barnanna. Starfsfólki gefið svigrúm til að framkvæma hugmyndir að verkefnum og/eða athöfnum.	Deildarstjóri og annað starfsfólk á deildinni	Allt árið	Daglegar athuganir. Rætt á deildarfundum. Deildarstjóri sækist eftir hugmyndum og hvetur starfsfólk áfram. Deildarstjóri skapi öðru starfsfólki tíma og/eða rými til að koma hugmyndum sínum í framkvæmd.	Að starfsfólk kynnist börnunum í gegnum leik með því að styðja, en ekki trufla. Styðja börnin í því að skapa sína eigin leiki og tjá skoðanir sínar. Skapa nær-umhverfi fyrir börnin þar sem þau efla félagsþroska og vináttu.



Sýnishorn af listsköpun barna á Hlíð



5 Innra mat deilda: Kot

Hvíld: Við skiptum hvíldinni í tvennt. Yngri börnin og þau úr eldri hópnum sem vildu, fóru upp á loft og lögðu sig. Eldri börnin sem ekki vildu leggja sig fengu verkefni í Listasmiðju eða fóru út.

Þetta fyrirkomulag gekk nokkuð vel, en við fengum ekki gardínur svo við límdu dökk blöð í þá glugga sem við náðum í. Þannig tókst okkur að tempra birtuna. Við tókum líka símann úr sambandi þar sem það getur verið mikil truflun af honum.

Hreyfistund: Gengur vel eftir að við fengum aftur aðgang að salnum. En hann höfðum við ekki haft vegna hólfaskiptinga út af Covid-19. Við nýttum garðinn vel og gerðum m.a. þrautabrautir úti sem börnin höfðu mjög gaman af.

Vínastund: Gengur vel eftir að þær voru teknar upp aftur þegar létt var á hólfaskiptingum vegna Covid-19.

Val: Vegna Covid-19 var sjaldan Val, en það gekk vel í þau skipti sem það var.

Hópavinna: Vegna Covid-19 var erfitt að skipta hópnum upp. Því var boðið upp á sameiginleg verkefni inni á deild. Þetta fyrirkomulag gekk afar vel. Við nýttum líka umhverfið okkar og tengdum við verkefnavinnu t.d. að safna laufum og sækja mold til að vinna með.

Samverustundir: Gengu vel. Það voru færri stundir en venjulega þar sem við reyndum að vera sem mest úti vegna Covid-19 og tíðra jarðskjálfta.

Útivera: Gekk vel. Við vorum mikið úti vegna Covid-19 og jarðskjálfta. Við nýttum umhverfið líka vel og fórum líka í leiki sem tengdust þróunarverkefninu okkar. Garðurinn þarfnast sárlega yfirhalningar.

Frjáls leikur: Börnin eru yfirleitt afar dugleg að leika sér og allir frekar duglegir að leika saman.


Starfsfólk þarf að vera vel vakandi yfir leiknum. Börnin mátu hvað var skemmtilegast að gera inni á deild með demantsaðferðinni. Sjá mynd:

Demantsaðferð:

Börnin eru 3ja og 4 ára. Skipt í stelpu og stráka hóp. Teknar voru myndir af ýmsum viðfangsefnum á deildinni. Börnin skoðuðu myndirnar og lögðu mat á hvað væri skemmtilegast.

Stelpuhópur: Það er gaman að púsla og sjá myndina koma. Gaman að búa til veislu með matardótinu. Það er bara svo skemmtilegt að spila og gaman að lita fallegar myndir. Seguldótið smellur saman. Það er gaman að búa til kökur úr leirnum. Með einingakubbum getum við leikið mikið og byggt flott. Það er erfitt að perla en við lærum að telja. Gaman að keyra bílana.

Strákahópur: Það er gaman að leika uppi. Gaman að spila með vinum. Það er hægt að byggja hús og kastala með einingakubbum. Með seguldóti er hægt að byggja bolta og flugvél. Það er gaman að púsla, byggja stóran karl úr leirnum og leika sér með bíla. Það er gaman að raða litum og lita Spiderman úr perlunum.



Umbótaáætlun: Kot 2021-2022

Umbóta- Mats- þáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Virk hlustun	Starfsfólk sé meðvitað að beita virkri hlustun í samskiptum við börnin.	Innleiða „gefðu 10“ inná deild.	Deildar- stjóri og starfs- menn deildar.	Haut 2021	Vor 2022	Skráninga- blað. Þar kemur fram hverjir fá „10“ og hversu oft. Mat fer fram í janúar og maí.	Starfsfólk hafi betri yfirsýn yfir þroska barna inn á deild

Fataklefi	Að börn séu sjálfstæð í fataklefa. Efla samhjálp, tillitsemi og lesa í umhverfi	Börnin fari í minni hópum í fataklefa, þá hefur starfsfólk betri yfirsýn yfir getu barnanna.	Deildar- stjóri og Starfs- menn deildar.	Að haus ti	Að vori	Könnun og mat fer fram að vori.	Að samskipti og samhjálp gangi vel í fataklefa.
-----------	---	--	--	------------------	------------	---------------------------------------	--

Sýnishorn af listsköpun barna á Koti



6 Innra mat deilda: Sel

Börnin ráða hvort þau fari út fyrir eða eftir hádegi. Það er alltaf einhver inni og starfsmaður með þeim, börnin hafa líka fengið að ráða hvort þau eru lengi eða stutt úti í einu. Þetta gefst mjög vel og viljum halda þessu áfram. Mikil ánægja meðal barna og starfsfólks. Útiveran er ánægjuleg og vinsæl eftir að við byrjuðum á þessu.

Deildarstjóri gerir starfsáætlun fyrir hvert þema, finnur til umræðupunkta, verkefni, sögur og lög. Gafst vel meðan það entist. Datt niður í Covit-lokununum. Ætlum að gera meira næsta vetur, undirbúa það í sumar fram í tímann til að eiga það tilbúið fyrir veturinn.

Hópastarf var öðruvísi en áætlað var. Tíminn var alltaf strax eftir hádegismat aldursskiptur. Elstu börnin í Jöklaborg eru á Seli og Bóli og ætluðum við að blanda hópunum saman, en það gekk ekki vegna sóttvarnaaðgerða sem dundu yfir okkur í vetur. Hópastarinn fór því fram inná deild eingöngu. Það gekk vel börnin dugleg eins og alltaf og ánægð.

Við fórum í vettvangsferð í vetur með elstu börnin, í Borgarleikhúsið, fórum líka í 2 heimsóknir í Seljaskóla (skólaheimsóknir) annað var ekki farið nema göngutúrar í næsta nágrenni.

Miklar breytingar hafa verið í starfsmannahópnum á Seli í vetur. Allt er þetta gott og sveigjanlegt fólk í vinnu bæði þeir sem komu og líka þeir sem fóru. Stytting vinnuviku var innleidd í desember 2020. Það er misjöfn upplifun okkar á þeim gjörningi. Við völdum 4 tíma styttingu á viku sem þýðir að við erum undirmönnuð 4 daga vikunnar, undirbúningstímar eru oft í uppnámi ef einhver veikist því þá er ekki alltaf til afleysing fyrir þá tíma. Upplifun okkar á styttingunni er að við þurfum að hlaupa hraðar til að fá að fara dauðþreytt heim einn dag í viku á hádegi. Styttingu vinnuviku á að endurskoða í vor.

Umbótaáætlun: Sel 2021-2022

Umbóta- Mats- þáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Leggjum áherslu á	Höldum áfram með	Í öllu daglegu	Deildar- stjóri og	Alltaf	Alltaf	Hópastjórar ræða við	Markmiðið er að



félagsfærni sem er okkar þróunarverk-efni með áherslu á vináttu.	þróunarverkefni okkar. Vinnum að sterkari sjálfsmynd barnanna og stefnum að því að þau verði sjálfstæðir og keikir krakkar. Aukum áherslu á umburðalyndi tillitsemi og vináttu.	amstri og í hópastarfi þar sem verða umræður jákvæð samskipti, virk hlustun og skipt-umst á skoðun-um og æfum þau í að leysa úr ágrein-ingsefnum.	allir starfs-menn deildar-innar			börnin í hópastarfi um hvað þeim finnst gott og hvað þeim finnst erfitt eða vont. Allir geti tjáð sig því það hafa allir rétt til þess. Starfsmenn ræða á deildafundum í nóv. og aftur í mars um hvernig gengur.	börnin séu með örugga sjálfs-mynd, hafi ríka sam-kennd til hvors annars, efla vináttu og tillitsemi
Hópa-starf	Gera hópastarf markvisst. Meiri samræður þar og inn á deildinni.	Gera áætlun mánuð fyrir mánuð sem inniheldur umræðu-punkta, verkefni bækur og lög.	Deilda-stjóri, hóp-stjórar ásamt öllu starfsfólki i deildar-innar.	Sep 2021	Maí 2022	Skipta börnum í hópa eftir aldri. Metið með félagsfærni-sögum og umræðum við börnin í hópastarfi. Starfsfólk talar saman á deildafundi a.m.k. 2 á	Að börnin læri sjálfstæð vinnu-brögð. Að þau verði óhrædd við að prófa sig áfram og kynnist sem flestum áhöldum

						önn oftast ef þurfa þykir.	og efnivið.
Starfsfólk	Efla góð samskipti í starfsmannahópnum.	Í öllu daglegu starfi með því að nota jákvæð samskipti og virka hlustun	Allt starfsfólk	Alltaf	Alltaf	Tölum um okkar umbótaáætlun á deildarfundum að hausti og að vori, oftast ef þurfa þykir.	Ánægðara starfsfólk. Meira og betra traust á milli starfsfólks. Meiri vinnu- gleði.

Sýnishorn af listsköpun barna á Seli





Endurmat á Seli maí 2021

Við ákváðum að meta starfið með börnunum á annan hátt en upphaflega var ákveðið. Í stað demantsendurmats þá tókum við umræðu um þætti sem við höfum verið að vinna með í vetur í tengslum við þróunarverkefnið okkar „Ég, þú, við saman,, sem er um eflingu félagsfærni barnanna.

Til að veita hverju og einu barni bestu leiðirnar til að leika, læra og þroskast meðan á leikskóladvöl stendur og að barnið sjálft og vellíðan þess verði lykilatriði, horfum við á starfsaðferðir okkar með gagnrýnum augum. Einnig tókum við tillit til skoðana barnanna sjálfra því slíkt gefur okkur yfirsýn á þarfir þeirra og til að skapa þeim umhverfi þar sem þau finna til öryggis til að byggja smám saman eigin sjálfsmynd, sjálfstraust og hæfileika gegnum virka þátttöku í leik í fjölmennningarlegum hóp. Í ljósi þessa var gert mat á þremur þáttum þar sem upplifun og skilningur barna um hávær hljóð, að biðja um aðstoð og að lemja voru skoðaðar. Raddir barnanna um þessi atriði heyrðust, við bárum saman umræðuna í hverjum aldurshóp fyrir sig og niðurstöður voru dregnar saman.

Hávær hljóð

Það kom fram að mörgum börnum finnst ekki skemmtilegt að heyra hávær hljóð og finnst þeim það vera pirrandi. Elstu börn (2015) tjáðu sig um að “Í leikskólanum sé mikill hávaði. Og það truflar mikið”. Samt gera börnin stundum hávær hljóð því “það er bara gaman eða ef maður er stundum reiður þá gerum við það, en við reynum ekki”. Við töluðum líka við yngri börn (2016) og þau sögðu “ef maður gerir hávaða hljóð þá verður maður að fara út. Því það má öskra úti” og þau sögðu að þeim “finnst gaman að gera hávaða hljóð”. En börn fædd árið 2017 eru stundum að búa til hávær hljóð en þau vita ekki af hverju.

Að lemja

Öll börn sem eru á Seli eru sammála að það má ekki lemja aðra því “það er vont” og “þá er maður vondur” og ef það gerist “þá á að segja fyrirgefðu”. Öllum börnum finnst vinátta mikilvæg og þau leggja mikla áherslu á að eiga vini og “til að leika við einhvern”, “og til að vera ekki alein að leika því það er leiðinleg” og “það er skemmtilegra að eignast vini”. Börnin töluðu líka um að þau reyndu “að vera dugleg að leika við aðra” því “við elskum að eiga vini” -sögðu þau.

Að biðja um aðstoð

Mörgum börnum finnst erfitt að gera hluti sjálf eins og til dæmis “að ganga frá öllu dótinu” því eins og börn fædd árið 2016 sögðu að „það tekur alltaf of langan tíma“. Börn fædd 2015 eru sammála að ef “við vorum að leika saman í Laut þá vinnum við saman” og þau þurfa ekki að biðja um hjálp eða „næstum aldrei“. Strákarnir sögðu að þeim „finnst gaman að gera sjálfur“ án aðstoðar kennara því „það er svolítið létt“ og þess vegna segjast þeir bara „stundum biðja um aðstoð“. En stelpur fæddar 2015 leita oft eftir aðstoð kennara því „sumt get ég og sumt ekki“.

Börn fædd 2017 ræddu um að þegar þau rétta höndina upp þá er það til að sýna að þau „ætla að segja eitt“ og þeim finnst „það er skemmtilegt“ að rétta höndina upp. Þau eldri (2016) bættu við að „ef að þau rétta upp hönd“ þá á kennarinn að „hjálpa okkur að fá meira lím ef það er lítið“ eða „réttu spilið“ og „kennarinn spyr hvað ég vil að segja“. Elstu börnin (2015) eru að rétta höndina upp ef þau vilja „syngja eitthvað lag í samveru og í sal“. Börnin segja „það er erfitt að biðja um aðstoð því kennararnir eru svo lengi að koma“ og „það tekur langan tíma“. Elstu börnin benda á hlutverk kennara, að hann er til „að hjálpa okkur að læra“.

7 Innra mat deilda: Höll

Aðlögun: Höll flutti í nýtt rými eftir sumarfrí 2020. Börnin sem höfðu verið á deildinni veturinn áður fluttu með okkur en fóru síðan smám saman yfir á eldri deildar. Þau áttu erfitt með að skilja þessa flutninga af einni deild á aðra og svo aftur aðra, sögðust vera búin að fara á nýja deild og skiptin yfir á eldri deildar reyndust sumum erfið til að byrja með.

Börnin sem komu ný á deildina í haust voru tæplega tveggja ára og gekk aðlögun þeirra yfirleitt vel. Þau komu fjögur í einu og tvær vikur liðu á milli þar til nýr hópur kom sem var mjög gott. Þar sem deildin var nýflutt í nýtt rými var starfsfólkið og börnin sem fyrir voru líka að aðlagast og finna hvernig best væri að haga hlutunum. Smám saman féll þó allt í fastar skorður.

Umbætur: Mjög gott væri að halda þessu fyrirkomulagi að hafa tvær vikur milli þess sem nýir hópar koma í aðlögun.

Útivera: Við fórum yfirleitt út með börnin á morgnana og aftur eftir síðdegishressingu því vegna Covid 19 máttu foreldrar ekki koma inn í leikskólann mikinn hluta vetrarins og gátu því sótt börnin beint í útiveru. Börnin sem áttu stysta viðveru fóru fyrst út eftir kaffi.

Umbætur: Það hefur gefið góða raun að skipta barnahópnum þannig að hluti hópsins sé inni á morgnana meðan hluti fer út. Það gefur börnunum tækifæri til að leika sér í rólegheitum inni og gefur meiri tíma fyrir verkefnavinnu.

Samverustund: Þau börn sem komu fyrst inn úr útiveru settust og skoðuðu bækur með starfsmanni þangað til flestir voru komnir inn. Börnin voru mjög ung í haust og höfðu fá orð á valdi sínu. Við sungum marga hreyfisöngva og þau voru flest fljót að læra hreyfingarnar sem fylgdu lögunum og smá saman komu orðin. Þegar leið á haustið komu aðeins eldri börn á deildina og þá reyndist betra að skipta börnunum var skipt í tvo hópa eftir aldri. Þá var auðveldara að finna viðfangsefni sem hæfðu þroska barnanna.

Umbætur: Það gæti verið gott að skipuleggja samverustundir betur þannig að starfsfólkið hafi ákveðin verkefni til að vinna með.

Hvöld: Öll börnin sofnuðu eftir hádegi fyrst í haust. Við höfðum hvöldina í tveimur stofum meðan við höfðum aðgang að salnum alla daga vegna hólfaskiptingar vegna Covid 19. Þá gátum við farið með börnin sem vöknúðu fyrst inn í sal. Þegar það breyttist færðum við hvöldina í aðra stofuna svo börnin hefðu hina stofuna þegar þau vöknúðu.

Umbætur: Þar sem deildin er bara tvær stofur þarf hvíldin að vera í sífelldri endurskoðun og það sem er best að hausti meðan allflestir sofna breytist yfir veturinn þegar börnin stækka og hætta smám saman að sofa eins mikið.

Verkefnastund: Við höfum aðgang að Listasmiðju einu sinni í viku, en verkefni voru oft unnin inni á deild. Börnunum var skipt í hópa og einn hópur fór í verkefnastund á hverjum degi. Börnin eru yfirleitt mjög áhugasöm um alls kyns verkefnavinna. Mest var unnið með málningu og ýmiskonar liti, en við unnum líka með árstíðabundin verkefni haustið, jólin o.s.frv.

Umbætur: Gott væri að gera áætlun um verkefni komandi vetrar svo allt starfsfólk geti gengið að henni

Val: Þau börn sem urðu þriggja ára eftir áramót fóru í Val þegar það byrjaði eftir áramót. Það felur í sér að velja að fara á aðra deild að leika sér.

7 börn af Höll sem höfðu náð 3ja ára aldri fengu tækifæri til að vera með í Valinu. Þeim fannst gaman að fá að heimsækja hinar deildirnar og voru áhugasöm um allt nýja dótið á hinum deildunum. Í byrjun fór starfsmaður með þeim á deildarnar og var með þeim þar. Þetta veitti þeim öryggi meðan þau byggðu upp þor til að vera ein á staðnum.

Frjáls leikur: Börnin geta leikið sér mjög fallega ef þau fá þá ró og næði sem þau þurfa. Það er vilji til að gefa frjálsa leiknum mikinn tíma, en mjög mikilvægt er að starfsfólk sé mjög vakandi þar sem börnin eru að leika sér því börn hafa sterkar skoðanir og taka ekki alltaf tillit til hvors annars.

Umbætur: Reyna að skipta börnunum eins og hægt er í minni hópa svo þau hafi meira rými og trúfli síður leikinn hjá hvert öðru.

Umbótaáætlun: Höll 2021-2022

Umbóta- Mats- þáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðfe- rðir?	Viðmið um árangur
Samveru- stundir	Gera samverustundir markvissari.	Skipuleggja stundirnar betur. Hafa þær	Deildar- stjóri	Haust 2021	Vor 2022	Skriflegt mat á hvernig gengur reglulega	Að samverust undir verði góð

		afmarkaðri og ákveðinn rammi utan um viðfangs-efnin				yfir veturinn.	upplifun fyrir börn og starfsfólk
Tví/marg tyngd börn	Að leggja meiri áherslu á aðstoð við börn sem hafa annað móðurmál en íslensku	Skipu- leggja stuðning við börnin. Tíma og verkefni	Deildar- stjór í samvinnu við sér- Kennslu- stjóra	Að hausti	Að vori	Meta stöðu barnanna að hausti og reglulega yfir veturinn	Að börnin standi jafnvel og jafnaldrar
Skráningar	Halda áfram að þróa skráningar	Bæta við þær skráningar sem fyrir eru og hafa verið mest í formi mynda	Allir starfs- menn deildar- innar	Að hausti	Að vori	Regluleg athugun á hvort skráningar séu í gangi	Að það séu til skráningar að vori um starf vetrarins

Demantsaðferð Höll



Tveir hópar, þrír í hvorum hóp. Börnin voru þriggja ára. Teknar voru myndir af vinsælum leikföngum á deildinni og börnin voru beðin um að segja hvað þeim þætti skemmtilegast að leika sér með

Hópur 1


Skemmtilegast að lita. Gaman að lita með tússlitunum. Gaman að teikna mynd fyrir mömmu og pabba. Skemmtilegt að leika með bílana. Gaman að leika í dúkkukróknum. Gaman að leika með matardótið. Gaman að elda mat. Ekki gaman að kubba. Leiðinlegast að púsla.

Hópur 2

Dúkkukrókurinn er skemmtilegastur. Það er gaman að leika með dúkkurnar. Skemmtilegt að nota tússliti. Gaman að keyra bílana. Skemmtilegra að kubba með segulkubbunum. Ekki gaman að kubba með Dúbló. Leiðinlegt að leika með Dúblókubbana. Leiðinlegast að púsla.



Sýnishorn af listsköpun barna á Höll



8 Innra mat deilda: Ból

Við á Bóli vildum skoða og endurmeta starfið á deildinni þar sem miklar breytingar hafa verið á deildinni, nýtt starfsfólk, þrír aldurshópar í stað tveggja áður sem er æskilegra að okkar mati og svo stytting vinnuvikunnar sem kom á eftir áramót.

Eldhús. Vont ef engin afleysing er ef veikindi koma upp, þá þarf að fara í eldhús og þá missum við starfsmann sem á að vera með börnum í samverustund fyrir og eftir mat. Við þurfum þá einnig að sameina börnin í tvo hópa í stað þriggja, verður líka erfiðara þar sem stytting vinnuviku er komin inn í skipulagið.

Umbætur: Gott að hafa afleysingu svo skipulagið héldist óbreytt, ef bæði eru veikindi og stytting vinnuviku.

Samverustundir. Skipulagið eins og það er í dag gæti verið svolítið ruglingslegt fyrir börnin, þau börn sem deila fataherbergi fara saman í samverustund f.h. þá inn í púðaherbergi eða dótaherbergi en síðan er barnahópurinn aldurshreinn í sögustund e.h.

Umbætur: Börnin þ.e. þau sem deila fataherbergi fara saman í samverustund f.h. og e.h. Börnin skilja þá betur á hvaða svæði þau eiga að fara fyrir og eftir mat. Skipta þá barnahópnum í þrjá hópa vegna aldursbreiddarinnar inn á Bóli, þá geta yngstu börnin verið saman í sögustund sem hæfir aldri þeirra og þroska (eru 3ja ára).

Við viljum halda föstudagsfundum, þá eru öll börnin saman og ræða hvernig þeim er búið að líða inn á Bóli þá vikuna (æfa sig í félagsþroskanum, að tjá tilfinningar sínar m.a.).

(Oft gengur skipulagið ekki upp vegna veikinda starfsfólks og styttingar vinnuviku.)

Fataherbergi. Það er erfitt að þurrka föt barnanna eftir blauta útiveru. Við þurfum að notast við ofna inn í vinnurými barna til að þurrka flíkur þeirra.

Umbætur: Það sem við viljum sjá er þurrkaðstaða og hiti í gólfi fataherbergja. Það reynir mikið á starfsfólk að halda á börnum yfir blaut gólf.

Val. Erum ánægð með valið, góð tenging við börnin í hinni byggingunni þar sem félagsleg tengsl eru eflid. Erum ánægð með fyrirkomulag valsins hjá okkur. Börnin velja í tveimur hópum, þeim sem deila fataherbergi saman. Valið eflir sam hjálp barnanna, að geta beðið um aðstoð og einnig að bjóða fram aðstoð sína, valið eflir læsi, litir koma inn í valstundina og einnig stærðfræði. Svo þarf að læra að bíða og taka tillit til annarra.

Umbætur: Það þarf að bæta aðstöðu barnanna sem koma yfir á Ból svo þau geti gengið frá fötunum sínum þannig að gott sé að finna þau að vali loknu.

Salur/listasmiðja. Erum ánægð að hafa sal og listasmiðju á sama degi. Hentar okkur vel að vera með verkefnavinnu og hreyfistundir. Börnunum er skipt í tvo hópa sem síðan skiptast á þessi svæði.

Umbætur: Það mætti vera fjölbreyttari efniviður í listasmiðju fyrir börnin og einnig aðgengilegri. Það mætti endurnýja dýnur í salnum sem eru komnar til ára sinna.

Íþróttaskólinn. Íþróttaskólinn byrjaði ekki fyrr en eftir áramót þetta misserið, þar sem starfsfólkið upplifði leiða hjá börnunum eftir heilan vetur í fyrra. Engin að kvarta að nenna ekki í íþróttaskólann núna en við tökum stöðuna með börnunum í vor. Hvað finnst þeim ?

Verkefnavinna. Þessi vetur hefur verið vetur mikilla breytinga í leik og starfi með börnunum, bæði vegna Covid 19 og þjálfun nýs starfsfólks sem hefur haft áhrif að sjálfsögðu, en verkefnastundir hafa gengið vel þegar við höfum verið með þær. Ból og Sel ætluðu að vera með verkefnastundir elstu barna í vetur en það hefur ekki gengið upp vegna veikinda í húsi, styttingar vinnuviku og sóttvarnaraðgerða vegna Covid 19.

Umbætur: Þurfum að sjá hvernig næsti vetur verður og þá að endurskoða verkefnastundir elstu barna með tilliti til styttingu vinnuviku.

Útisvæði. Finnum á börnunum að útisvæði er ekki nógu spennandi, garðurinn hefur minnkað mikið eftir að leikskólinn stækkaði og nýju húsin voru sett í garðinn, börnin endast ekki úti og vilja fara fyrr inn. Við tökum eftir því að leikurinn breytist hjá börnunum þegar þau eru færri úti, þeim líður betur og þau eru glaðari (hafa meira pláss).

Umbætur: Við viljum að börnin hafi val um að fara út f.h. eða e.h. þá eru færri börn úti í einu og hin njóta að vera inni í leik eða öðrum verkefnum.

Það er mikil þörf á að taka garðinn okkar í gegn.

Annað.

Það sem við viljum sjá eru færri börn á Bóli 24 er frábær tala ! Þá er hægt að fækka starfsfólki, allir njóta. Börnum líður betur færri í hóp, það eflir betur alla þroskapætti barnsins, sérstaklega félagslega þáttinn sem er undirstaða alls.

Starfsfólk getur þá líka gefið hverju barni meiri athygli.



Umbótaáætlun: Ból 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tæki- færi til um- bóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lok ið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Vinátta	Að efla vináttu barna, auka vellíðan þeirra og ánægju hrósa, hvetja, styrkja	Að börnin verði í smærri hópum, bæði í frjálsum leik og verkefna- vinnu, þar sem börn hafa tækifæri til að tjá sig	Allt starfs- fólk Bóls	Haust	Vor	Deildar- fundir, börnum skipt í hópa og spurningar lagðar fyrir þau, föstudags- fundir þar sem börnin tjá líðan sína .	Við viljum sjá góða vináttu á milli barna, samkennd,umburðar- lyndi, hjálpssemi og geta tjáð tilfinningar sínar verði ríkur þáttur í fari þeirra.
Efla góð samskipti milli barnanna	Efla góð sam- skipti á milli barna	Í öllu daglegu starfi þar sem styrkleik ar hvers og eins fá að njóta sín		Allt árið	Allt árið		Ánægðari börn þar sem hvert og eitt fær að njóta sín,



Sýnishorn af listsköpun barna á Bóli



Demantsaðferð Ból

	Hópur 1 5 ára	Hópur 2 5 ára	Hópur 3 4 ára	Hópur 4 3ja ára
Púðaherbergi	Skemmtilegt í pabbó, hundó og mömmó. Gaman að leika í allskonar leikjum, gera eitthvað kósí og leika saman.	Það er gaman í púðaherbergi af því það er fullt af púðum og dóti til að leika sér með.	Gaman að leika með dúkkurnar, eldhúsið og fara í mömmó og pabbó.	Gaman að leika með dót
Fremri stofa	Skemmtilegt í petshop og skoða „Bókin mín“. Gaman að borða í fremri stofu. Gaman að leika með plúskubbana.	Gaman að fara í pulsuleik, leika í petshop, skoða bækur, leika með dýrin. Gaman að spila og leika á mottunni, í litaleiknum og telja tölustafi	Skemmtilegt. Hægt að leika sér í petshop. Gaman að leika með legó, í bílaleik oig að hoppa á ákveðinn lit á mottunni.	Gaman að leika með petshop og segulkubbana
Innri stofa	Gaman að lita, klippa út og perla. Gaman að leika með dýrin, bóndabæinn og spíturnar	Allt skemmtilegt. Leika með dýrin þegar við förum með þau inn og einingakubbana líka.	Skemmtilegt að vera í petshop. Gaman að púsla, fara í spil og lesa bók	Gaman að leika með bílana og vefa
Dótaherbergi	Gaman að leika í pókymon, einingakubbum og dómínós. Veit ekki alveg hvað er leiðinlegt en það er þínu leiðinlegt samt.	Gaman að lita, spila, perla og leika í petshop. Gaman að gera verkefni í möppuna.	Leiðinlegt að byggja og ganga frá því við þurfum að skemma það sem við erum búin að byggja.	Gaman að leika sér með kubbana





9 Mat elstu barna leikskólans

Hvað finnst þér skemmtilegast í leikskólanum?

Að fara í íþróttaskólann. Að leika í púðaherbergi. Leika úti. Að lita. Vera í kúluspílinu og teikna. Að teikna og perla. Að mála. Petshopinu og lita. Að vera í hundó og kisó. Að hjóla. Allt skemmtilegt. Skemmtilegast í dóta og púðaherbergi. Að vera í púðaherbergi. Að leika í dótaherberginu. Að leika við bróður minn og vini mína. Að leika með petshop og fara inn í púða- og dótaherbergi. Skemmtilegt að fara í göngutúr, bara allt gaman. Mér finnst skemmtilegast að vera úti. Það sem mér finnst skemmtilegast er að perla. Lita stjórnur og líka að perla. Skemmtilegast að perla og lita. Að vera úti. Hjóla. Að leika mér með vinum mínum. Að leika mér með kubba

Hvað finnst þér erfiðast í leikskólanum?

Að teikna útlínur og lesa. Að meiða þegar einhver meiðir mig. Ég veit ekki. Erfitt þegar einhver er að elta mig. Veit ekki. Að vera í hringekjunni. Að kubba heilt hús úr playmóinu. Að gera þrautabraut. Að perla. Að gera perl með leiðbeiningum. Eiginlega ekkert. Að mega ekki fara út. Að ganga frá. Ekkert. Að gera erfitt verkefni eins og að reikna. Ekkert erfitt. Ekkert. Að ganga frá einn. Eiginlega ekkert, jú það er erfitt að klifra upp á hús. Ég veit það ekki. Ég veit ekki. Að gera verkefni

Hvað heldur þú að sé skemmtilegast í grunnskólanum?

Ég held að það sé hvað er góður maturinn. Í aparólunni. Í frímínútum að leika við systur mína. Að fara í stórfiskaleik og vera í aparólunni. Í frímínútum. Öruglega úti í frímínútum og fara í sund. Að skrifa og lesa og vera úti í frímínútum. Veit ekki. Að læra. Að lesa og skoða bækur. Að fara í frímínútur. Að teikna ofurhetjur og fara út í frímínútur. Teikna. Að læra eitthvað nýtt. Veit það ekki. Að skrifa. Lesa. Að æfa mig að lesa. Kannski bara að lesa. Bara skemmtilegt. Skoða bækurnar. Að leika mér með bróður mínum. Að leika sér í skólanum

Hvað heldur þú að sé erfiðast í grunnskólanum?

Ég held að erfiðast sé að kynnast nýjum krökkum. Að klifra upp á stóra steininum. Að reikna. Að fara upp á aparóluna. Að læra. Veit ekki. Held bara að læra að lesa. Að perla. Reyna að lesa. Að lesa. Að þekkja ekki fullt af fólki. Að rata í skólanum og sjá hvar allt er. Að læra að lesa. Að lesa af því að ég kann ekkert svo mikið að lesa. Að lesa. Það verður ekkert erfitt. Kannski að lesa bók með litlum stöfum. Ég veit ekki hvað frímínútur eru. Lesa bækurnar.

10 Verkefni nema í Jöklaborg

Könnunaraðferð – mars - apríl

Nemi á þriðja ári í leikskólakennarafræðum var í vettvangsnámi í Jöklaborg í fjórar vikur í vetur. Hún gerði verkefni með hópi elstu barna sem heitir Könnunaraðferð.

Markmið vettvangsverkefnis var að börnin kynntust betur líkama sínum, líkamshlutum og helsta hlutverki þeirra. Notuð var svokölluð Könnunaraðferð (e. the project approach) til að vekja athygli barnanna á þessu sérstaka viðfangsefni, kveikja hjá þeim umræður um leið og þau fræddust um líkamann. Tekið var mið af fyrri reynslu barna og byggt ofan á hana. Af því að þroski barna er misjafn var leitað að kennslufræðilegum leikjum til að örva þroska þeirra.

Í vettvangsnámi er lögð áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir og einnig fjölbreyttan efnivið til að ýta undir forvitni barna, hvetja þau til framkvæmda og örva þau á margvíslegan hátt með því að leyfa þeim sjálfum að tjá sig gegnum skapandi vinnu, bæði í hópvinnu og einstaklingsverkefnum. Gegnum samvinnunám lærðu börnin að vinna saman til að ná sameiginlegum markmiðum.

Einstaklingsverkefnin gerðu börnunum kleift að þróa hæfileika sína á eigin hraða. Fylgst var með þeim og skráningar staðfestu að hvert og eitt barn þroskaðist félagslega og jók þekkingu sína dag frá degi. Í könnunaraðferð er vinna, aðferðir og það námsefni sem er notað, hjálpartæki til þess.



11 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Sérkennslan er skipulögð með menntun án aðgreiningar að leiðarljósi, að viðkomandi taki þátt í öllu daglegu starfi eins og kostur er en fari einnig í einstaklingsvinnu eða í litlum hópi út af deild. Mikið notast við myndbönd sem skráningu.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	HLJÓM 2, Efi 2 og AEPS Einnig notum við myndbandsupptökur til mats.
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Spil -fínhyfingarverkefni s.s. skæri -litir blöð - unnið með tölur form liti – Lærum og leikum með hljóðin -Lubbi finnur bálbeinið

Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTA-ÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Þátttaka foreldra	Hvetja foreldra til virkni	Aðstoða foreldra meira með gögn sem þau geta unnið með heima	Sérkennslu-stjóri og deildarstjórar	Haust 2021	Vor 2022	Samtöl við foreldra	Framfarir barnanna
Þátttaka starfsfólks á deildum	Hvetja starfsfólk deilda til að vinna tiltekin verkefni með börnunum	Finna gögn sem starfsfólk getur unnið með	Sérkennslu-stjóri	Haust 2021	Vor 2022	Matslistar	Framfarir barnanna

12 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Það er nýtt í málörvunarhópa þar sem 2 til 3 börn eru saman í hóp 2 x3 í viku í rólegu umhverfi.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Það eru sett orð á athafnir barna í öllum aðstæðum s.s. í leik -fataherbergi – matartímum. Það er unnið með Gefðu 10.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Það er unnið með flokka t.d leikföng – matur – Dýr – Farartæki – Það er unnið með Gefðu 10. Lubbi finnur málbeinið -leikum og lærum með hljóðin - orðahljóð
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Notast við orðalistann Það eru gerðar áætlanir í málörvunarhópunum.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Unnið er út frá áhugasviði barnsins, styrkleika hvers og eins ,unnið er gegnum leik -sjónrænt dagsskipulag-bækur -sögur -orðahljóð - leikbrúður

13 Umbótaáætlun Jöklaborgar

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022

UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Fjöltyngi	Markviss málörvun á deildum.	Auka lestra- stundir og vinna í litlum hópum	Deildarstjórar	Sept. 2021	Júlí ' - 2022	Deildar- stjórar meta með sínu fólki á skipulags degi eftir áramót	Að börn hafi náð að skilja og geti tjáð sig betur en áður

14 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í júní og júlí og verður þeim haldið áfram í ágúst og september. Að þessu sinni er um snerpuviðtöl að ræða þar sem viðtöl eru stutt í ca. 30 mín.

Fræðsla var ekki eins mikil og áður þar sem ýmsar takmarkanir voru vegna Covid.

Þrír starfsmenn hafa verið í námi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Haldin var kynning fyrir nýja starfsmenn þar sem m.a. var farið yfir hugmyndafræði leikskólans.

Við fengum fyrirlestur þar sem Vanda Sigurgeirsdóttir var með fræðslu sem hún nefndi „Vinátta í vinnunni“ og var honum streymt. Þá var umræða um styttingu vinnuvikunnar einn skipulagsdaginn.

Starfsmenn ræddu styttingu vinnuvikunnar fram og til baka, hvaða áhrif það hefði á starfið með börnunum og tekin var ákvörðun um að fara í 4 klst. styttingu og sjá hvernig það virkaði.

Sérkennslustjóri sótti ýmsa vitneskju á Teams fundum og aðrir stjórnendur einnig.

Starfsmenn ræddu um þróunarverkefnið okkar „Ég, þú við saman“. Þá var unnið að myndbandi um verkefnið sem sýnt var á Menntastefnumóti sem Skóla- og frístundasvið stóð fyrir.

Starfsfólk fékk fræðslu um skyndihjálpar sem Bráðaskólinn sá um og voru gerðar ýmsar æfingar. Fjögur skref skyndihjálpar var í öndvegi. Tryggja öryggi á vettvangi og meta ástand slasaðra eða sjúkra, sækja hjálp og veita skyndihjálpar. Starfsmenn voru ánægðir með þessa fræðslu.

Starfsfólk fékk kynningu á verkefni sem starfsmaður Jöklaborgar vann með börnum einnar deildarinnar en starfsmaðurinn hefur verið í námi í Háskóla Íslands.

Sérkennslustjóri sótti ýmsa fræðslu er varðar sérkennslu barna sem fór fram á Teams fundum.



Elstu börn að útskrifast 4. júní 2021

15 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Stjórnendur leikskólana í Seljahverfi hafa ekki náð að skipuleggja samstarfið með grunnskólastjórnendum en gert er ráð fyrir að skipulag samstarfsins verði með þessum hætti:

Áætlun um samstarf leik- og grunnskóla í Seljahverfi 2021 – 2022:

September: Skólastjórar hittast á samráðsfundi í byrjun september.

Deildarstjórar elstu barna og umsjónarkennarar 1. bekkjar grunnskólanna hittast og ræða komandi skólaár, farið er yfir hvernig skólaheimsóknir gengu og þær endurmetnar. Einnig verður farið yfir komandi samstarf á nýju skólaári.

Október: Börn í fyrsta bekk sem voru í Jöklaborg koma í heimsókn til okkar úr báðum grunnskólum hverfisins.

Nóvember: Heimsóknir elstu barnanna okkar í grunnskólana í hverfinu okkar í litlum hópum.

Febrúar: Elstu börnin okkar fara í heimsókn tvö í grunnskólana í hverfinu okkar.

Mars: Skólastjórnendur hittast til að ákveða sameiginlega skipulagsdaga fyrir skólaárið 2021-2022.

Maí: Grunnskólar hverfisins bjóða væntanlegum nemendum í sína þriðju heimsókn. Foreldrar fylgja börnunum í þá heimsókn.

16 Foreldrasamvinna

Fulltrúar foreldraráðsins voru tveir núna ásamt leikskólastjóra. Þeir voru kosnir á foreldrafundi.

Tilgangur foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefnda um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi (Lög um leikskóla 90/2008). Foreldraráðið fundar eftir þörfum. Í fundarboði kemur fram dagskrá fundar.

Starfsreglur foreldraráðs Jöklaborgar:

Foreldraráð Jöklaborgar starfar skv. lögum um leikskóla 90/2008 og leiðbeiningum skóla- og frístundasviðs.

- Foreldraráðið einsetur sér að starfa faglega við að veita umsögn um starf leikskólans.
- Foreldraráðið heldur trúnað um persónuupplýsingar barna, foreldra, starfsfólks og annarra sem ráðið kann að fjalla um.
- Foreldraráðið getur verið farvegur fyrir foreldra leikskólabarna sem vilja koma á framfæri ábendingum og athugasemdum um leikskólastarfið.
- Foreldraráðið kemur saman að lágmarki tvisvar á hverju misseri, gjarnan í tengslum við skipulagsdaga starfsfólks og starfsáætlanagerð.
- Meirihluti foreldraráðsins verður að mæta á fundi til þess að ráðið teljist starfshæft. Ef greidd eru atkvæði um mál í ráðinu er það einfaldur meirihluti sem ræður.

Starfsreglur þessar voru samþykktar á fundi foreldraráðs Jöklaborgar fimmtudaginn 28. ágúst 2014.

Foreldrafélag:

Foreldrafélag Jöklaborgar var skipað fimm foreldrum, einn deildarstjóri er fulltrúi leikskólans og situr fundi félagsins. Foreldrafélagið er fyrir alla foreldra og forráðamenn barna í Jöklaborg. Markmið félagsins er að tryggja sem best velferð barna í Jöklaborg. Aðalfundur foreldrafélagsins er venjulega haldinn að hausti í lok foreldrafundar leikskólans. Í ár var hins vegar ekki haldinn fundur vegna Covid. Markmiði sínu hyggst félagið ná m.a. með eftirfarandi:

- Að hvetja alla foreldra til þess að taka þátt í og hafa aukin áhrif á aðbúnað og störf leikskólans í fullu samráði við starfsfólk.
- Að bjóða upp á fræðslu og fyrirlestra sem nýtast við uppeldi barna.
- Að bjóða upp á ýmislegt skemmtilegt til þess að lífga upp á tilveruna og byggja upp góðan

félagsanda innan leikskólans.

Ekki var haldin aðalfundur síðasta skólaár en við stefnum á að vera með fund á næsta skólaári ef aðstæður leyfa á Covid tímum.

Foreldrafundir:

Venjulega er haldnir tveir foreldrafundir yfir árið, einn að hausti fyrir alla foreldra þar sem starfsáætlun leikskólans er kynnt og kosið í foreldraráð. Á sama fundi er aðalfundur foreldrafélagsins. Þetta skólaár var það hins vegar ekki þannig vegna Covid. Deildarstjórar hafa tekið viðtöl við foreldra nýrra barna og verður haldið áfram með slík viðtöl í haust. Það verður að koma í ljós hvort hægt verði að halda foreldrafund í haust.

Foreldraviðtöl:

Foreldraviðtöl hafa verið með margvíslegum hætti síðustu tvö ár þar sem Covid hefur herjað á okkur. Vegna ýmissa takmarkana hafa viðtöl farið fram á ýmsa vegu t.d. úti, á Teams fundum, símafundum svo eitthvað sé nefnt. En venjan hefur verið að foreldraviðtöl fari fram á þann hátt sem lýst er hér fyrir neðan.

Foreldrar barna sem eru að byrja í leikskólanum fá viðtal við deildarstjóra/aðstoðarleikskólastjóra /leikskólastjóra við upphaf leikskólagöngu. Þar er m.a. farið yfir sögu barnsins og gerður dvalarsamningur. Nokkru eftir aðlögun barns er foreldrum boðið foreldraviðtal við deildarstjóra, áætlað í október. Skipulögð foreldraviðtöl fyrir alla foreldra verða í janúar/febrúar þar sem farið er yfir stöðu barnsins er varðar þroska og getu. Einnig eru einstaklingsáætlanir ræddar og foreldrar þannig virkir í gerð einstaklingsáætlana barnanna sinna. Foreldraviðtöl, þ.e. kveðjuviðtöl eru að vori vegna barna sem eru að fara í grunnskóla. Foreldrar geta alltaf beðið um viðtal við deildarstjóra/leikskólastjóra telji þeir þörf á því. Þegar börn færast á milli deilda er foreldrum boðið upp á viðtal við nýjan deildarstjóra. Foreldraviðtöl hafa verið með ýmsu móti þetta haustið vegna Covid.

17 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Mánudaginn	20. september	Lokað allan daginn
Föstudaginn	15. október	Lokað allan daginn (Allir skólar í Seljahverfi)
Föstudaginn	26. nóvember	Lokað allan daginn (Allir skólar í Seljahverfi)
Miðvikudagur	16. mars	Lokað allan daginn (Allir skólar í Seljahverfi)
Fimmtudagur	2. júní	Lokað allan daginn (fyrirhuguð námsferð starfsmanna)
Föstudagur	3. júní	Lokað allan daginn (fyrirhuguð námsferð starfsmanna)

18 Fylgigögn

Fylgiskjal 1 – Leikskóladagatal

Fylgiskjal 2 – Umsögn foreldraráðs

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð telur nauðsynlegt að endurskoða styttingu vinnuvikunnar fyrir en næsta vor þar sem starfsfólk tekur fram að þetta sé að hafa slæm áhrif á starfið og óskar foreldraráð eftir því að þetta verði endurskoðað fyrir áramót með möguleika á nýrri útfærslu strax á nýju ári.

Að öðru leyti telur foreldraráð starfsáætlun standa fyrir sínu og gerum ekki frekari athugasemdir.

Foreldraráð leikskólans skipa:

Tinna Heimisdóttir

Dagbjört Hildur Torfadóttir

F.H. leikskólans Jöklaborgar

Anna Bára Pétursdóttir

Leikskólastjóri

31. 08. 2021

